REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Súdan, nr. 804/2015.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í réttri númeraröð:

3.1 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/1705 frá 13. júlí 2026 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/2135 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða sem grafa undan stöðugleika og pólitísku umbreytingarferli í Súdan, sbr. fylgiskjal 3.1.

4.1 Reglugerð ráðsins (ESB) 2026/1724 frá 13. júlí 2026 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/2147 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða sem grafa undan stöðugleika og pólitísku umbreytingarferli í Súdan, sbr. fylgiskjal 4.1.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 5. nóvember 2026.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 3.1.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2026/1705

frá 13. júlí 2026

um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/2135 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða sem grafa undan stöðugleika og pólitísku umbreytingarferli í Súdan

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 9. október 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/2135 ([1]).

2) Hinn 27. nóvember 2023 gaf æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) út yfirlýsingu fyrir hönd Sambandsins þar sem Sambandið og aðildarríki þess ítrekuðu að þau fordæma harðlega stöðug átök milli stjórnarhers Súdan (SAF) og RSF-uppreisnarhersins (RSF) og tengdra liðssveita þeirra. Í yfirlýsingunni var einnig harmað hversu mjög ofbeldið hefði stigmagnast og hið óbætanlega manntjón í Darfúr og um allt landið, auk brota á alþjóðlegum mannréttindalögum og alþjóðlegum mannúðarlögum.

3) Hinn 28. október 2025 gaf Hadja Lahbib, æðsti fulltrúi Sambandsins og framkvæmdastjóri ESB, út sameiginlega yfirlýsingu um yfirtöku El Fasher. Í yfirlýsingunni var áréttað að yfirtaka RSF-uppreisnarhersins á höfuðborg Darfúr markaði hættuleg straumhvörf í stríðinu og að hætta væri á að hið skelfilega mannúðarástand sem þar ríkti kynni að versna enn frekar. Enn fremur var það tekið fram í yfirlýsingunni að árásir á almenna borgara á grundvelli þjóðernis þeirra undirstrikaði grimmilega framgöngu RSF-uppreisnarhersins.

4) Hinn 20. nóvember 2025 gaf æðsti fulltrúinn út yfirlýsingu fyrir hönd Sambandsins þar sem hann fordæmdi harðlega þau ódæðisverk sem RSF-uppreisnarherinn hefði framið í El Fasher. Í yfirlýsingunni var einnig lögð áhersla á að meginábyrgð á því að binda enda á átökin hvíldi á forystu bæði RSF-uppreisnarhersins, stjórnarhers Súdan og tengdra liðssveita þeirra, sem og þeim sem veita þeim beinan eða óbeinan stuðning, og hvatt var til þess að allir aðilar að átökunum myndu hefja viðræður að nýju með það að markmiði að ná tafarlausu og varanlegu vopnahléi.

5) Hinn 21. apríl 2026 gaf æðsti fulltrúinn út yfirlýsingu fyrir hönd Sambandsins í tilefni af því að þrjú ár voru liðin frá því að stríðið í Súdan braust út. Í yfirlýsingunni var áréttað að átökin milli stjórnarhers Súdan, RSF-uppreisnarhersins og tengdra liðssveita þeirra legði líf fólks í rúst og svipti íbúana þeim vonum og væntingum sem kviknuðu í byltingunni 2018/19. Í yfirlýsingunni var því bætt við að Sambandið myndi beita öllum tiltækum úrræðum, þar á meðal diplómatískum samskiptum og þvingunaraðgerðum, til að þrýsta á um frið, m.a. frekari refsiaðgerðum sem beinast gegn stríðshagkerfi Súdan.

6) Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið er þykir rétt að innleiða frekari þvingunaraðgerðir.

7) Einkum eru gullnámugröftur og gullvinnsla helsta tekjulind stjórnarhers Súdan og RSF-uppreisnarhersins sem þeir nota til að viðhalda átökunum í Súdan.

8) Því er rétt að leggja bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á gulli ef það er upprunnið í Súdan og hefur verið flutt út frá Súdan til Sambandsins eða til hvaða þriðja lands sem er eftir 15. júlí 2026.

9) Einnig er lagt bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á tilteknum vörum sem kynnu að verða notaðar til gullnámugraftar eða gullvinnslu, hvort sem það er upprunnið í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Súdan eða til notkunar þar í landi.

10) Til að unnt sé að segja upp viðeigandi, gildandi samningum með skipulegum hætti þykir rétt að kveða á um tímabundna undanþágu frá banni við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi á tilteknum vörum sem kynnu að verða notaðar til gullnámugraftar eða gullvinnslu í Súdan.

11) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2023/2135 til samræmis við það.

12) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum ráðstöfunum í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi greinum er bætt við í ákvörðun (SSUÖ) 2023/2135:

„2. gr. a

1. Lagt er bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á gulli ef það er upprunnið í Súdan og hefur verið flutt út frá Súdan til Sambandsins eða til hvaða þriðja lands sem er eftir 15. júlí 2026.

2. Lagt er bann við því að:

a) veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum sem um getur í 1. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við bannið sem er sett fram í 1. mgr.,

b) veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum sem um getur í 1. mgr., vegna kaupa, innflutnings eða tilflutnings þessara vara eða sem tengist því að veita tengda tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við bannið sem er sett fram í 1. mgr.

3. Bönnin sem eru sett fram í 1. og 2. mgr. gilda ekki um gull sem er nauðsynlegt í opinberum tilgangi sendi- eða ræðisskrifstofa eða alþjóðastofnana í Súdan sem njóta friðhelgi að þjóðarétti.

4. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa grein.

2. gr. b

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á tilteknum vörum sem kynnu að verða notaðar til gullnámugraftar eða gullvinnslu, hvort sem það er upprunnið í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Súdan eða til notkunar þar í landi.

2. Lagt er bann við því að:

a) veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum sem um getur í 1. mgr. og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Súdan eða til notkunar þar í landi,

b) veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum sem um getur í 1. mgr., vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara eða sem tengist því að veita tengda tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Súdan eða til notkunar þar í landi.

3. Með fyrirvara um kröfur varðandi heimildir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821 ([2]) skulu, eftir atvikum, bönnin sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. ekki gilda um vörur sem eru ætlaðar til mannúðarmála, vegna lýðheilsuógna, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða á umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.

4. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 2837 11 í IV. viðauka við reglugerð ráðsins (ESB) 2023/2147 ([3]), og með fyrirvara um kröfur um heimildir samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821, skulu bönnin sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. þessarar greinar ekki gilda fyrr en 16. janúar 2027 um efndir samninga sem gerðir eru fyrir 15. júlí 2026 eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir vegna efnda slíkra samninga.“

5. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa grein.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 13. júlí 2026.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti

K. KALLAS

([1]) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/2135 frá 9. október 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða sem grafa undan stöðugleika og pólitísku umbreytingarferli í Súdan (Stjtíð. ESB L, 2023/2135, 11.10.2023, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2023/2135/oj).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821 frá 20. maí 2021 um að koma á reglum Sambandsins um eftirlit með útflutningi, miðlun, tæknilegri aðstoð, tilflutningi og flutningi hluta með tvíþætt notagildi (Stjtíð. ESB L 206, 11.6.2021, bls. 1, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2021/821/oj).
([3]) Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/2147 frá 9. október 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða sem grafa undan stöðugleika og pólitísku umbreytingarferli í Súdan (Stjtíð. ESB L, 2023/2147, 11.10.2023, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2023/2147/oj).

Fylgiskjal 4.1.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2026/1724

frá 13. júlí 2026

um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/2147 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða sem grafa undan stöðugleika og pólitísku umbreytingarferli í Súdan

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/1705 frá 13. júlí 2026 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/2135 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða sem grafa undan stöðugleika og pólitísku umbreytingarferli í Súdan ([1]),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 9. október 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/2135 ([2]) og reglugerð (ESB) 2023/2147 ([3]) um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða sem grafa undan stöðugleika og pólitísku umbreytingarferli í Súdan. Þessar ráðstafanir fela í sér ferðabann, frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs tiltekinna einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana og bann við að gera fjármuni og efnahagslegan auð aðgengilegan tilteknum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum.

2) Hinn 21. apríl 2026 gaf æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum út yfirlýsingu fyrir hönd Sambandsins í tilefni af því að þrjú ár voru liðin frá því að stríðið í Súdan braust út. Í yfirlýsingunni var áréttað að átökin milli stjórnarhers Súdan (Sudanese Armed Forces, SAF), RSF-uppreisnarhersins (Rapid Support Forces, RSF) og tengdra liðsveita þeirra legði líf fólks í rúst og svipti íbúana þeim vonum og væntingum sem kviknuðu í byltingunni 2018/19. Í yfirlýsingunni var því bætt við að Sambandið myndi beita öllum tiltækum úrræðum, þar á meðal diplómatískum samskiptum og þvingunaraðgerðum, til að þrýsta á um frið, m.a. frekari refsiaðgerðum sem beinast gegn stríðshagkerfi Súdan.

3) Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið í Súdan er samþykkti ráðið 13. júlí 2026 ákvörðun (SSUÖ) 2026/1705 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/2135 þar sem innleitt er bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á gulli ef það er upprunnið í Súdan og hefur verið flutt út frá Súdan til Sambandsins eða inn í þriðja land, og bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á tilteknum vörum sem unnt er að nota til gullnámugraftar eða gullvinnslu, hvort sem það er upprunnið í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Súdan eða til notkunar þar í landi.

4) Ráðið hefur skilgreint tilteknar vörur sem það telur vera kjarnann í ferli gullnámugraftar eða gullvinnslu í Súdan. Til að unnt verði að segja upp viðeigandi, gildandi samningum með skipulegum hætti þykir rétt að kveða á um tímabundna undanþágu frá banni við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi á tilteknum hluta þessara vara.

5) Þessar ráðstafanir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Lagasetning á vettvangi Sambandsins er því nauðsynleg til að koma í framkvæmd ákvörðun (SSUÖ) 2026/1705 til að tryggja samræmda beitingu í öllum aðildarríkjunum.

6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2023/2147 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2023/2147 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðir bætast við í 1. gr.:

„i) „miðlunarþjónusta“:

i. að semja um eða skipuleggja viðskipti vegna kaupa, sölu eða afhendingar vara og tækni eða fjármála- eða tækniþjónustu, þ.m.t. frá þriðja landi til annars þriðja lands, eða

ii. að selja eða kaupa vörur og tækni eða fjármála- eða tækniþjónustu, þ.m.t. þegar þær eða hún er staðsett í þriðja landi og flytja á þær eða hana til annars þriðja lands,

j) „fjármögnun eða fjárhagsaðstoð“: sérhver aðgerð, óháð þeirri aðferð sem valin er, þar sem viðkomandi aðili, rekstrareining eða stofnun greiðir eða skuldbindur sig til að greiða, með eða án skilyrða, af eigin fjármunum eða efnahagslegum auði, þ.m.t., en þó ekki takmarkað við, styrkir, lán, ábyrgðir, ábyrgðarskuldbindingar, skuldabréf, bankaábyrgðir, greiðslufrestur seljanda, greiðslufrestur kaupanda, fyrirframgreiðslur vegna inn- eða útflutnings og allar tegundir vátrygginga og endurtrygginga, þ.m.t. greiðsluvátryggingar vegna útflutnings; greiðsla, ásamt skilmálum og skilyrðum fyrir greiðslu umsamins verðs fyrir vöru eða þjónustu, í samræmi við eðlilega viðskiptahætti, telst ekki vera fjármögnun eða fjárhagsaðstoð,

k) „tækniaðstoð“: tæknilegur stuðningur í tengslum við viðgerðir, þróun, framleiðslu, samsetningu, prófun, viðhald eða hvers konar aðra tæknilega þjónustu og getur verið í formi kennslu, ráðgjafar, þjálfunar, yfirfærslu verkþekkingar eða -kunnáttu eða ráðgjafarþjónustu, þ.m.t. munnleg aðstoð.“

2) Eftirfarandi grein er bætt við:

„1. gr. a

1. Lagt er bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á gulli, eins og skráð er í III. viðauka, ef það er upprunnið í Súdan og hefur verið flutt út frá Súdan til Sambandsins eða til þriðja lands eftir 15. júlí 2026.

2. Lagt er bann við því að:

a) veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum sem um getur í 1. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við bannið í 1. mgr.,

b) veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum sem um getur í 1. mgr., vegna kaupa, innflutnings eða tilflutnings þessara vara eða sem tengist því að veita tengda tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við bannið í 1. mgr.

3. Bönnin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um gull sem er nauðsynlegt í opinberum tilgangi sendi- eða ræðisskrifstofa eða alþjóðastofnana í Súdan sem njóta friðhelgi að þjóðarétti.“

3) Eftirfarandi grein er bætt við:

„1. gr. b

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum sem ætlaðar eru til gullnámugraftar eða gullvinnslu, eins og skráð er í IV. viðauka, hvort sem það er upprunnið í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Súdan eða til notkunar þar í landi.

2. Lagt er bann við því að:

a) veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum sem um getur í 1. mgr. og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Súdan eða til notkunar þar í landi,

b) veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum sem um getur í 1. mgr., vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara eða sem tengist því að veita tengda tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Súdan eða til notkunar þar í landi.

3. Með fyrirvara um kröfur varðandi heimildir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821 ([4]) skulu, eftir atvikum, bönnin í 1. og 2. mgr. ekki gilda um vörur sem eru ætlaðar til mannúðarmála, vegna lýðheilsuógna, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða á umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.

4. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 2837 11, og með fyrirvara um kröfur um heimildir samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821, skulu bönnin í 1. og 2. mgr. þessarar greinar ekki gilda fyrr en 16. janúar 2027 um efndir samninga sem gerðir eru fyrir 15. júlí 2026 eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir vegna efnda slíkra samninga.

4) Ákvæðum III. viðauka er bætt við í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

5) Ákvæðum IV. viðauka er bætt við í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2026.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti

K. KALLAS

(1) Stjtíð. ESB L, 2026/1705, 14.7.2026, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2026/1705/oj.
(2) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/2135 frá 9. október 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða sem grafa undan stöðugleika og pólitísku umbreytingarferli í Súdan (Stjtíð. ESB L, 2023/2135, 11.10.2023, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2023/2135/oj).
(3) Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/2147 frá 9. október 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða sem grafa undan stöðugleika og pólitísku umbreytingarferli í Súdan (Stjtíð. ESB L, 2023/2147, 11.10.2023, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2023/2147/oj).
(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821 frá 20. maí 2021 um að koma á reglum Sambandsins um eftirlit með útflutningi, miðlun, tæknilegri aðstoð, tilflutningi og flutningi hluta með tvíþætt notagildi (Stjtíð. ESB L 206, 11.6.2021, bls. 1, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2021/821/oj).“

B-deild – Útgáfudagur: 19. nóvember 2026